

Reykjavík, 27. apríl 2018

R2018040025/12.8.4

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Kt. 420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (hlutabréfakaup, skuldajöfnun, álagning o.fl.), mál nr. 423 þskj. nr. 605.

Fulltrúar ríkisskattstjóra mættu á fund efnahags- og viðskiptanefndar fimmtudaginn 26. apríl vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (hlutabréfakaup, skuldajöfnun, álagning o.fl.), mál nr. 423 þskj. nr. 605. Á fundinum var óskað eftir því að ríkisskattstjóri myndi senda formlega umsögn um frumvarpið, sem gert er hér með.

1. Breytingar á reglum um skilyrði fyrir frádrætti vegna hlutabréfakaupa

Þær breytingar sem lagðar eru til á 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 1. gr. frumvarpsins hafa allar að markmiði að skýra og einfalda framkvæmdina að því er varðar skilyrði fyrir því að einstaklingum sé við tilteknar aðstæður heimilt að draga frá tekjuskattsstofni tiltekna fjárhæð vegna kaupa á hlutabréfum. Jafnframt hafa breytingarnar í för með sér rýmkun á réttindum og samhliða eru felld niður ákvæði sem hafa í för með sér afar sértækar bakfærslur og eftirlit með skilyrðum fyrir nýttum frádrætti. Ríkisskattstjóri telur þessar breytingar því allar til bóta.

2. Breytingar á dagsetningum

Í 2., 8., 9., 13., 14., 15., 16., 17. og 18. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á dagsetningum í tengslum við álagningu og gjalddaga af ýmsu tagi. Allt er þetta lagt til vegna flýtingar á álagningu opinberra gjalda á árinu 2018 og telur ríkisskattstjóri þetta vera nauðsynlegar breytingar af því tilefni.

3. Ívilnanir

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir þeirri breytingu á tekjuskattslögum að í stað heimildar ráðherra til að setja reglugerð um skilyrði fyrir ívilnunum í sköttum, sbr. 65. gr. laganna, gefi ríkisskattstjóri út „í upphafi hvers árs“ reglur að fenginni staðfestingu ráðherra.

Ákvæði um ívilnun eða lækkun gjaldstofna vegna bágrar fjárhagsstöðu, óvæntra útgjalda eða áfalla hafa verið í tekjuskattslögum frá upphafi. Af þeim ástæðum hafa verið settar verklagsreglur í einni eða annarri mynd, þó þær hafi fengið á sig fastara form á seinni árum og orðið ítarlegri, m.a. vegna tilmæla frá umboðsmanni Alþingis. Þá sæta ákvarðanir ríkisskattstjóra nú kærur til yfirkattanefndar en gerðu það ekki fyrir sameiningu skattstofa og ríkisskattstjóra í eitt embætti.

Reglur þær um ívilnanir sem ríkisskattstjóri hefur samið og unnið eftir lúta bæði að því að tryggja samræmi í skattframkvæmdinni og auka gagnsæi hennar, sem m.a. var gert með birtingu auglýsingar nr. 495/2017 í B-deild Stjórnartíðinda um viðmiðunarreglur við afgreiðslu ívilnunarumsókna. Þá þjóna þær og þeim tilgangi að gætt sé réttar og vandaðrar

málsmeðferðar og ákvarðanir byggja á efnislegum og réttmætum sjónarmiðum.

Tilvitnaðar reglur, svo og aðrar reglur sem ríkisskattstjóri setur varðandi yfirferð skattframtala og úrvinnslu mála, eru allar settar í samræmi við það hlutverk sem ríkisskattstjóra er að lögum falið og þannig án sérstaks samþykkis eða atbeina ráðherra. Má í þessu sambandi einnig benda á að t.d. mat á bústofni til eignar og reglur um frádráttarbæran kostnað vegna fjármögnunarleigu bifreiða eru reglur sem ríkisskattstjóri setur og birtir án þess að til þurfi að koma staðfesting ráðherra. Fjármála- og efnahagsráðherra hefur á hinn bóginn almennt eftirlit með störfum ríkisskattstjóra en í slíku eftirliti felst ekki að gerð einstakra verklagsreglna, leiðbeininga eða tülkanir á lögum skuli bera undir ráðherra eða hljóta staðfestingu hans.

Rétt er að taka fram að í álitum umboðsmanns Alþingis þar sem hann hefur ályktað að nauðsynlegt sé að ríkisskattstjóri setji reglur um framkvæmd ívilnana hefur hann aldrei tilgreint að þær reglur ættu að hljóta staðfestingu ráðherra eða vera gefnar út af honum. Þetta fyrirkomulag er aukinheldur annkanalegt út frá meginreglum stjórnskipunarréttarins.

Ríkisskattstjóri telur að með því að auglýsa ítarlegar viðmiðunarreglur og það verklag sem viðhaft er við framkvæmd ívilnana hafi verið komið að fullu til móts við ábendingar umboðsmanns Alþingis og betra væri að breyta 65. gr. tekjuskattslaganna á þann hátt að fella niður reglugerðarheimild ráðherra en setja ákvæði um að ríkisskattstjóra væri almennt og að gefnu tilefni gert að birta reglur um ívilnanir. Þetta mætti t.d. gera á eftirfarandi hátt: *Ríkisskattstjóri skal setja reglur um ákvörðun á ívilnunum og birta þær.*

4. Rafræn stjórnsýsla

Í 5. og 6. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar sem snerta rafræn skil á framtölum og rafræna málsmeðferð, ásamt því að heimilt sé að birta niðurstöðu álagningar með rafrænum hætti. Það færast sífellt í vöxt að samskipti séu eftir rafrænum farvegi og telur ríkisskattstjóri að greindar breytingar á 90. og 98. gr. tekjuskattslaga væru til þess fallnar að festa rafræna framkvæmd formlega í sessi og koma í veg fyrir hugsanlegan ágreining í þeim efnunum.

5. Lenging á kærufresti

Nú þegar álagning opinberra gjalda á einstaklinga fer fram í lok maí telur ríkisskattstjóri rétt að kærufrestur verði framlengdur úr 60 dögum í þrjá mánuði svo sem lagt er til í 7. gr. frumvarpsins og ljúki í ágústlok í stað loka júlí eins og yrði að óbreyttu. Þessi breyting er bæði til hagræðis fyrir framkvæmdina og framteljendur.

6. Útleiga


Til umræðu á kom á fyrrgreindum fundi nefndarinnar ákvæði 4. gr. frumvarpsins sem varðar breytingu á 3. másl. 3. mgr. 66. gr. laganna. En við fyrri lagabreytingu hafði fallið niður að gera breytingu á fyrrgreindu ákvæði til samræmis við samþættar breytingar á öðrum ákvæðum. Gildandi ákvæði tilvitnaðs 3. másl. er svohljóðandi: „*til búsetu leigjanda*“. Í tengdum ákvæðum 3. másl. 3. mgr. 66. gr. þ.e. a-lið 1. mgr. 58. gr. og a-lið 5. tölul. 70. gr. tekjuskattslaga er textinn í báðum ákvæðunum: „*sem fellur undir húsaleigulög*“. Fram kom að tilvísun til húsaleigulaga væri ekki alls kostar heppileg, þar sem undir þau lög félli m.a. atvinnuhúsnaði, sbr. 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna. Tilvitnuð ákvæði tekjuskattslaga hafa að meginmarkmiði að aðgreina skammtíma útleigu frá langtíma útleigu íbúðarhúsnaðis, þar sem leigutakar ættu eftir atvikum lögheimili í síðar greindum tilvikum, vegna mismundandi reglna um skattalega meðferð leigutekna. Í ljósi framanritaðs kom sú tillaga fram af hálfu nefndarmanns, hvort ekki væri rétt að umorða tilvitnuð ákvæði með svofelldum hætti:

„(Tekjurnar stafi af útleigu íbúðarhúsnæðis) sem nýtt er til búsetu leigjanda og fellur undir húsaleigulög“

Ríkisskattstjóri er sammála því að breyting í framangreinda veru yrði til að skýra enn betur þær reglur sem gilda um útleigu einstaklinga á húsnæði og þann mismun sem er á skattalegri meðferð leigutekna eftir því hvað leigt er út.

7. Annað

Ríkisskattstjóri gerir ekki athugasemdir við aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.


Ingvar J Rögnvaldsson

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Elin Alma Arthursdóttir